

Borgarstjórn Reykjavíkur
18. maí 2021

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að ljúka skipulagsvinnu gatna við Bústaðaveg og Arnarnesveg við Breiðholtsbraut

Borgarstjórn samþykkir að ljúka skipulagsvinnu vegna gatnamóta við Bústaðaveg og Arnarnesveg við Breiðholtsbraut án tafar svo unnt verði að framkvæma úrbætur í samræmi við samgöngusáttmálann. Enn fremur verði ekki frekari tafir á hönnun Sundabráar og Sundabrautar.

Greinargerð

Samgöngusáttmáli milli ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu var undirritaður 26. september 2019. Í 5. gr. sáttmálans er kveðið á um flýtingu ákveðinna framkvæmda. Tvær þeirra eiga að vera tilbúnar á þessu ári samkvæmt framkvæmdaáætlun. Nú er langt liðið á árið 2021 og ekkert bólar á útboðum. Hvað þá framkvæmdum.

Ekki er útlit fyrir að þessum verkum verði lokið eins og að var stefnt vegna tafa í skipulagsmálum, en fjármögnun þessara mikilvægu framkvæmda liggur fyrir. Aukið álag er á vegakerfinu á höfuðborgarsvæðinu vegna fólksfjölgunar, auk þess sem þrengingar hafa aukið álag á kerfið og því nauðsynlegt að bætt verði úr þessum flöskuhálsum og hættulegu gatnamótum hið fyrsta. Þessar stofnvegaframkvæmdir er löngu komnar á tíma.

Þá er sérstaklega tekið á skipulagsmálum vegna Sundabrautar í sömu grein samgöngusáttmálans, en skipaður var starfshópur Vegagerðarinnar þar sem Reykjavíkurborg, Faxaflóahafnir og Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu áttu fulltrúa. Niðurstaða starfshópsins var birt 4. febrúar 2021 og er skýr. Sundabrá er hagkvæmari kostur en Sundagöng fyrir legu Sundabrautar. Nú hafa liðið meira en þrjú mánuðir án þess að borgin hafi stigið næstu skref í þessum efnum. Það er því tímabært svo ekki sé meira sagt að samþykkja tafarlausa vinnu við skipulag þessara samgöngumannvirkja.

Núverandi tafaástand er brot á samgöngusáttmálanum og setur allar þessar mikilvægu samgönguframkvæmdir í uppnám.